Reykjavík



Reykjavík

Félagmiðstöðin Tónabær

Aðgerðaráætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit:

Inngangur.....4
Innra mat 2025-2026 4

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Umbótaáætlun 2026-2027 5
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 9
Helstu dagsetningar 9
Ágúst 9
September 9
Október 9
Nóvember 9
Desember 9
Janúar 9
Apríl 10
Júní 10
Júlí 10

Inngangur

Í þessari aðgerðaráætlun er fjallað um innra mat félagsmiðstöðvarinnar Tónabæjar auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar og áherslum frístundamiðstöðvar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt rýndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri byggt á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnið út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

- *Starfið er unnið með lýðræði og samstarfi með börnum og unglingum*
    - Við erum reglulega með dagskrágerðarkvöld og eigum reglulega samtöl við ungmennin og nemendaráð Álftamýrarskóla og fáum þau til að koma með hugmyndir að dagskrárliðum. Ef ungmennin koma með hugmyndir þá reynum við alltaf að útfæra hugmyndina á einhvern hátt. Við leyfum ungmennunum einnig oftast að velja á milli ýmissa valkosta.
- *Opnunartímar og sérstaklega starfsemi félagsmiðstöðvarinnar tekur mið af ólíkum þörfum einstaklinga og hópa*
    - Við pælum í æfingatíma barnanna þegar við ákveðum opnunartíma miðstigs, við erum með nokkur virk hópastörf í samstarfi við skólann sem fara fram á skólatíma. Við erum með afmarkaðan tíma fyrir klúbbastarf þar sem við erum að reyna að ná inn ákveðnum hóp af krökkum. Við erum með dagskrárliði bæði á kvöldin og á daginn svo að sem flest nái að taka þátt í skipulögðum dagskrárliðum starfsins. Þótt það sé skipulögð dagskrá þá er alltaf í boði að gera eitthvað annað sem ungmennin hafa áhuga á.
- *Við ráðningu nýrra starfsmanna er hugað að fjölbreytileika í starfsmannahópnum.*
    - Starfsmannahópurinn er fjölbreyttur þegar kemur að styrkleikum, áhugasviði og bakgrunni. Við nýtum styrkleika hvers og eins í mismunandi dagskrárliði og byggjum upp viðfangsefni út frá þeim. Upplýsingar um sakavottorð liggja fyrir.

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

- *Börn og unglingar fá ekki næg tækifæri til þess að hafa áhrif á aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar*
- *Reglulega eru haldnir viðburðir (s.s. ferðir, sýningar, keppnir, böll, þemakvöld og heimsóknir).*
- *Félagsmiðstöðin veitir ekki viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.*
- *Forstöðumaður hittir skólastjórnendur reglulega til samráðs vegna sameiginlegra verkefna.*
- *Húsnæði félagsmiðstöðvarinnar uppfyllir skilgreiningu á rýmisþörf félagsmiðstöðva (sbr. gátlisti um skipulag húsnæðis og efnivið félagsmiðstöðva).*

    - Punktarnir sem við uppfyllum ekki eru hlutir sem við getum ekki haft bein áhrif á, annað en að við köllum eftir breytingum.

Reykjavík

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar: Nemendaráðsviðburðir	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Starfshættir og viðfangsefni - *Reglulega eru haldnir viðburðir (s.s. ferðir, sýningar, keppnir, böll, þemakvöld og heimsóknir).*
Tækifæri til umbóta.	Við viljum sjá meiri áhuga og þátttöku nemenda á stærri viðburðum eins og böllum, ferðum, keppnum og öðrum klassískum viðburðum félagsmiðstöðvarinnar - viljum skapa meiri félagsmiðstöðvaranda.
Aðgerðir til umbóta.	Nemendaráðið verður í umsjón Tónabæjar í samstarfi við Álftamýrarskóla og mun nemendaráðið standa fyrir viðburði í félagsmiðstöðinni einu sinni í mánuði og oftar ef áhugi er fyrir því.
Ábyrgð	Stjórnendur bera ábyrgð en Kolbrún Rós, starfsmaður Tónabæjar, fer með umsjón nemendaráðs.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hófst í lok ágúst 2026 og lýkur í maí 2026
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Hægt er að meta með nemendum í nemendaráðinu hvernig þeim finnst ganga ásamt því að ábyrgðaraðilar taki stöðufund um hvað gengur vel og hvað má fara betur. Gott er að endurmeta starfið í janúar þar sem það er miðpunktur skólaársins.
Viðmið um árangur.	Viðmið um árangur verður metinn út frá fjölda viðburða sem tekist hefur að halda og einnig mætingartölur af viðburðunum. Einnig verður lagt huglægt mat á árangur út frá samtölum við ungmenni og upplifun starfsfólks.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Heiti aðgerðar: Endurbætinga- og viðburðarfundur	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Virk þátttaka og lýðræði - *Börn og unglingar fá ekki næg tækifæri til þess að hafa áhrif á aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar*
Tækifæri til umbóta.	Við viljum að ungmennum okkar verða gerð grein fyrir áhrifunum sem þau geta haft á rýmið í Tónabæ.
Aðgerðir til umbóta.	Við ætlum að nýta klúbbastarfið okkar. Við munum setja upp klúbb sem mun hafa það markmið að ræða við ungmennin okkar hvað þau vilja gera við rýmið í Tónabæ.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Fyrsti fundur verður haldinn í byrjun nóvember og áætluð lok eru í maí en þó verður tekið til greina að loka verkefninu fyrr ef ungmenni Tónabæjar telja það æskilegt.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Í samráði við kennara í unglingadeild verður send út könnun þar sem hægt verður að koma sínum skoðunum um rýmið í Tónabæ á framfæri. Klúbburinn mun síðan fara yfir niðurstöðurnar. Gerð verður fundargerð. Við munum endurmeta starfið í janúar á fundi með starfsfólki og nemendum.
Viðmið um árangur. Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Viðmið um árangur mun byggjast á fjölda ungmenna sem hafa náð að koma sínum skoðunum á framfæri ásamt fjölda hugmynda sem munu ná að verða framkvæmdar.

Heiti aðgerðar: Fræðsla fyrir starfsfólk	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Mannauður og faglegt starf - *Félagsmiðstöðin veitir ekki viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.*
Tækifæri til umbóta.	Við viljum tryggja betri aðstæður til símenntunar og starfsþróunar starfsfólks með því að bjóða upp á fleiri fræðsluerindi.
Aðgerðir til umbóta.	Það verður miðlægur starfsdagur með starfsfólki félagsmiðstöðva í Laugardal, Bústaðar- og Háaleitishverfi í nóvember þar sem starfsfólk mun fá mannréttindafræðslu og tækifæri til að spegla sig við annað starfsfólk með ákveðnum umræðupunktum sem tengjast starfinu. Við í Tónabæ munum taka einn mánudagsfund í mánuði þar sem við nýta Torgið eða önnur viðeigandi fræðsluerindi til símenntunar og starfsþróunar. Munum einnig gera starfsfólki grein fyrir tækifærum þeirra til símenntunar, t.d. með notkun styrkja frá stéttarfélagi og öðru sem stendur þeim til boða.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í nóvember og áætluð lok í maí 2027.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Í Janúar verður farið yfir hvernig hefur gengið að nýta mánudagsfundi í hverjum mánuði fyrir fræðsluerindi og tekið samtal við starfsfólk um hvernig þeim hefur fundist það nytsamlegt í starfi sínu.
Viðmið um árangur.	Viðmið um árangur verður metinn út frá fjölda fræðsluerinda sem starfsfólk mun sitja og einnig verður gert huglægt mat út frá samtölum við starfsfólk um lærdóm þeirra af fræðsluerindunum.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Við fengum úthlutað auka 100% stöðugildi í Tónabæ með það markmið að vera með markvissara sértækt starf í samráði við Álftamýrarskóla. Kolbrún Rós Erlendsdóttir, Tómstunda- og félagsmálafræðingur, var hlutastarfsmaður í Tónabæ skólaárið 2025-2026 og fengum við hana í þetta hlutverk fyrir skólaárið 2026-2027. Hún starfaði einnig í Álftamýrarskóla sem stuðningsfulltrúi sem hentaði þessu verkefni einstaklega vel. Nú þegar eru tvö sértæk hópastörf í gangi sem fara fram á skólatíma þar sem áhersla er lögð á samskiptahæfni og vináttuþjálfun. Einnig eru nokkur einstaklingsmiðuð verkefni í gangi hjá okkur sem eru samráði við skóla og foreldra þar sem markmiðið er að draga úr áhættuhegðun og efla einstaklingana í félagsmiðstöðinni. Verkefnin eru öll með ákveðinn tímaramma og þegar þeim lýkur munu önnur sambærileg verkefni hefjast.

Reykjavík

Helstu dagsetningar

Ágúst
Skólasetning 24. ágúst
Starfsdagur Tónabæjar 24. ágúst
Fyrsta dagopnun 25. ágúst
Fyrsta kvöldopnun 26. ágúst

September
Treyjudagurinn til styrktar krabbameinsjúkra barna 4. september
Starfsdagar Samfés 9.-10. september
Gul vika fyrir gulan september 14.-17. september
Hinsegin landsmót Samfés 25.-27. september

Október
6u ball 7. október
Landsmót Samfés 9.-10. október
Félagsmiðstöðvarvikan 19.-23. október
Vetrarfrí 22.-26. október
Starfsdagur Tónabæjar 26. Október
Gistinótt Tónabæjar 30. október

Nóvember
Skrekkur 11. nóvember
Fjölmenningarvika 23.-27. nóvember
Rímnaflæði 20. Nóvember
Barnaþing og dagur mannréttinda barna 20. nóvember

Desember
Jólahappdrætti nemendaráðsins 4. desember
Jólaskemmtun Álftamýrarskóla 17. desember

Janúar
Skóli byrjar aftur 5. janúar
Endurmat á aðgerðaráætlun 18. janúar
Hinsegin vika 18.-22. janúar
SamfésCon 22. janúar

Febrúar
Danskeppni Samfés 5. febrúar
Stíll 6. febrúar
Ramadan hefst 7. febrúar
Vika 6 8.-12. febrúar
Öskudagur 10. Febrúar
Söngkeppni Kringlumýrar 19. febrúar
Vetrarfrí 22.-23. Febrúar

Mars
Ramadan lýkur 9. mars
Páskafrí 20.-29. Apríl

Apríl
Aðalfundur Samfés 7.-8. apríl
Góðgerðarvika 12.-16. apríl
Sumardagurinn fyrsti 22. Apríl

Maí
Uppstigningardagur 6. Maí
Samfest 7.-8. maí
Annar í hvítasunnu 17. maí

Júní
Skólaslit 11. Júní
Sértækt sumarstarf og sumarnámskeið hefjast og sameiginlegar opnanir í hverfum

Júlí
Sameiginleg útilega með Kringlumýri í byrjun júlí